

# Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 30. nóvember 2022

Mál nr. E-582/2022:

**Exigo ehf.**

(Gunnar Ingi Jóhannsson lögmaður)

**gegn**

**Stafrænum markaðstorgum ehf.**

(Heiðar Ásberg Atlason lögmaður)

## Dómur

Mál þetta var höfðað 18. mars 2022 og dómtekið 2. nóvember 2022.

Stefnandi er Exigo ehf., kt. [...], [...].

Stefndi er Stafræn markaðstorg ehf., kt. [...], [...].

Dómkröfu stefnanda eru þær að stefndi greiði stefnanda 9.548.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 28/2001, af 6.138.000 krónum frá 1. október 2021 til og með 2. nóvember 2021, af 6.820.000 krónum frá 3. nóvember 2021 til og með 10. desember 2021, af 7.502.000 krónum frá 11. desember 2021 til og með 10. janúar 2022, af 8.184.000 krónum frá 11. janúar 2022 til og með 10. febrúar 2022, af 8.866.000 krónum frá 11. febrúar 2022 til og með 6. mars 2022 og af 9.548.000 krónum frá 7. mars 2022 til greiðsludags. Þá er þess krafist að stefndi greiði stefnanda málskostnað að skaðlausu vegna reksturs máls þessa að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins. Til vara er þess krafist að ógreiddir reikningar fyrir leigu útgefnir af stefnda til stefnanda komi til lækkunar dómkröfu stefnanda, ásamt því að málskostnaður verði látinn niður falla. Til þrautavara er þess krafist að dómkrafa stefnanda verði lækkuð verulega ásamt því að málskostnaður verði látinn niður falla.

### Málavextir og sönnunarfærsla:

Fyrirsvarmenn málsaðila kynntust á árinu 2020 í tengslum við hugmyndir stefnda um stofnun stafræns markaðstorgs um sölu á íslenskum vörum og hönnun, á vefsíðunni [www.buyicelandic.com](http://www.buyicelandic.com). Hafi vefsíðan fyrst og fremst verið hugsuð til sölu á vörum til erlendra aðila en einnig til Íslendinga búsettra erlendis. Aðkoma stefnanda að því verkefni kom til vegna þekkingar hans á sviði upplýsingatækni og hugbúnaðargerðar.

Þann 23. október 2020 rituðu málsaðilar undir þjónustusamning. Í fyrsta kafla segir að samningurinn feli í sér lýsingu, afmörkun, verð og þjónustustig þeirrar þjónustu sem veitt verði. Stefndi eða SMT sé kaupandi þjónustunnar en stefnandi seljandi. Í öðrum kafla segir meðal annars að þjónusta stefnanda miðist við 80 vinnustundir í hverjum almanaksmánuði, samkvæmt föstu verði, 550.000 krónur á mánuði án vsk., þar til stefndi verði orðinn fjárhagslega sjálfstæður, en þá verði um útselda vinnu að ræða á taxa stefnanda með 25% afslætti. Einnig segir að ónýttar vinnustundir færast ekki milli mánaða, og fyrstu 160 klst. unnar af stefnanda verði ekki reikningsfærðar. Í þriðja kafla er þjónustulýsing um að stefnandi sjái um sérfræðipækkingu á öllum kerfislegum og rekstrarlegum þáttum til að halda utan um markaðstorgið, þ.e. að kunna á kerfið og þá möguleika og stillingar sem kerfið bjóði upp á, og að halda utan um uppfærslur, framþróun, sem og hönnun og útlit. Þá kemur fram að stefnandi muni aðstoða við að þjónusta kerfið, þjónustu við seljendur, notendur og notendur SMT. Verði um útselda þjónustu til handa seljendum að ræða fari það eftir verðskrá þeirri sem lýst var í kafla 2. Í fjórða kafla er útfærsla á fjórum tilgreindum þjónustustigum, og í fimmta kafla er gildistími samningsins tilgreindur. Skyldi hann gilda til sex mánaða, en framlengjast sjálfkrafa ef honum yrði ekki sagt upp með þriggja mánaða fyrirvara, skriflega og með sannanlegum hætti. Málsaðila greinir á um túlkun framangreinds þjónustusamnings, og um magn og gæði þess vinnuframlags sem stefnandi innti af hendi.

Sama dag, eða 23. október 2020, rituðu fyrirvarsmáður stefnanda persónulega og stefndi undir samning sem ber heitið: „Founder Agreement & Manifesto“. Í honum kemur fram að stefnt sé að því að mynda teymi, sem samanstandi af fyrirvarsmönnum stefnda og fyrirvarsmanni stefnanda. Hlutverk þess síðarnefnda væri að halda utan um tækniatriði. Samningurinn var lagður fram á ensku, en samkvæmt honum yrði fyrirvarsmáður stefnanda eigandi að 2% í stefnda við undirritun, og þá eru ákvæði um að hann gæti eignast fleiri hluti eftir því sem verkefninu myndi fram vinda.

Í málinu liggja fyrir tvær fundargerðir stefnda, annars vegar frá 17. ágúst 2021 og hins vegar 1. september 2021, þar sem fyrirvarsmenn beggja málsaðila voru mættir. Í fyrri fundargerðinni er bókað eftirfarandi: „BÓI [innskot dómsins, fyrirvarsmáður stefnanda] samþykkti að ekki yrði rukkað fyrir þjónustusamninginn frá 1. janúar 2021. Minntist BÓI á að hann kunni mögulega að gefa út einn reikning sem kæmi þá til frádráttar leigu sem er útistandandi. Samþykktu aðilar nauðsyn þess að ná sameiginlegri sýn á verkefninu, hlutverki og þeim samningum sem í gildi eru. Í framhaldi var samþykkt

að horfa á næstu 2 vikur og funda þá til að meta stöðu mála og þá hvort eða hvernig þjónustusamningurinn komi til með að taka gildi.“ Í framhaldi þessa sendir stefndi út tölvupóst þar sem fram kemur: „Skoðið þessa fundargerð. Setjið endilega inn ykkar athugasemdir, bætið við ef einhverju þarf að bæta við að öðrum kostið sendið samþykki fyrir fundargerðinni.“ Í seinni fundargerð stefnda er vísað til fyrri fundargerðar.

Upplýst er í málinu að stefnandi og stefndi voru frá desember 2020 með starfsemi í sama rými, í húsnæði sem stefndi var með á leigu, og framleigði hluta þess til stefnanda. Upp úr samstarfi aðila slitnaði í október 2021. Ekki er ágreiningur um að stefnandi skuldi stefnda húsaleigu á fyrrgreindu tímabili.

Þann 1. október 2021 gaf stefnandi út níu af umstefndum reikningum málsins, á gjalddaga sama dag, fyrir tímabilið janúar 2021 til og með september 2021, og er um þá reikninga vísað til þjónustusamningsins. Hver reikningur er að fjárhæð 550.000 krónur, auk 132.000 króna virðisaukaskatts, eða samtals 682.000 krónur. Innheimtuviðvörðun var send út af hálfu stefnanda 18. október 2021.

Innheimtuviðvörðuninni var svarað skriflega af hálfu lögmanns stefnda til lögmanns stefnanda 8. nóvember 2021, þar sem þeim reikningum var hafnað, og 17. nóvember 2021 sendi lögmaður stefnanda bréf til lögmanns stefnda þar sem fram kom að höfðað yrði mál til innheimtu kröfunnar fyrir dómi. Stefnandi gaf út aðra umstefnda reikninga fyrir tímabilið nóvember til og með febrúar 2022, með gjalddaga innan hvers mánaðar. Reikningur fyrir október 2021 var gefinn út 1. mars 2022 með gjalddaga 7. mars 2022. Í öllum tilfellum er fjárhæð reikninga sú sama, 682.000 krónur með virðisaukaskatti. Mál þetta er eins og fram er komið höfðað 18. mars 2022.

Fyrirliggjandi í málinu eru framangreindir samningar, innheimtuviðvörðun, bréf lögmannna, fundarbókanir og tölvupóstur. Þá liggur fyrir uppkast að ráðningarsamningi frá 11. nóvember 2020 auk óundirritaðs húsaleigusamnings frá 1. desember 2020, auk afrita reikninga. Aðilaskýrslur gáfu fyrirvarsmaður stefnanda og fyrirvarsmenn stefnda.

#### Málsástæður og lagarök stefnanda:

Stefnandi vísar til þess að hann sé útgefandi reikninga þeirra sem kröfur málsins séu grundvallaðar á, og séu þeir að öllu leyti ógreiddir. Stefnandi sé réttur aðili að útgáfu reikninganna, enda sé kveðið á um þá heimild í þjónustusamningi aðila frá 23. október 2020. Í nefndum þjónustusamningi komi afdráttarlaust fram að stefnandi sé seljandi

þjónustu og að stefndi sé kaupandi þeirrar þjónustu. Þjónustan hafi sannarlega verið veitt þótt ekki hafi verið sett það skilyrði að unnir yrðu 80 tímar á mánuði. Í samningnum segi að stefndi skuldbindi sig til að greiða 550.000 krónur á mánuði auk virðisaukaskatts til stefnanda fyrir 80 vinnustundir á mánuði, hvort sem þær séu nýttar eða ekki. Um sé því að ræða fast gjald. Í samningnum sé tekið fram að fyrstu 160 vinnustundirnar skuli ekki reikningsfærðar og megi af því ráða að fyrstu tveir mánuðir samningstímans skuli vera án kostnaðar fyrir stefnda, en vinnustundir eftir það skuli reikningsfærðar.

Stefnandi bendir á að samningurinn hafi tekið gildi við undirritun og að í honum sé kveðið á um að hann gildi í sex mánuði en framlengist hafi honum ekki verið sagt upp. Hvorugur sammingsaðila hafi sagt samningnum upp og verði því að líta svo á að hann sé enn í gildi. Af þeim sökum sé krafist greiðslu á útgefnum reikningum til mars 2022, auk eldri ógreiddra reikninga, sbr. eftirfarandi:

1. Reikningur v. janúar 2021 (nr. 657/2021)	682.000 kr.
2. Reikningur v. febrúar 2021 (nr. 656/2021)	682.000 kr.
3. Reikningur v. mars 2021 (nr. 655/2021)	682.000 kr.
4. Reikningur v. apríl 2021 (nr. 654/2021)	682.000 kr.
5. Reikningur v. maí 2021 (nr. 653/2021)	682.000 kr.
6. Reikningur v. júní 2021 (nr. 652/2021)	682.000 kr.
7. Reikningur v. júlí 2021 (nr. 651/2021)	682.000 kr.
8. Reikningur v. ágúst 2021 (nr. 650/2021)	682.000 kr.
9. Reikningur v. september 2021 (nr. 649/2021)	682.000 kr.
10. Reikningur v. október 2021 (nr. 60/2022)	682.000 kr.
11. Reikningur v. nóvember 2021 (nr. 1/2021)	682.000 kr.
12. Reikningur v. desember 2021 (nr. 700/2021)	682.000 kr.
13. Reikningur v. janúar 2022 (nr. 01/2022)	682.000 kr.
14. Reikningur v. febrúar 2022 (nr. 15/2022)	<u>682.000 kr.</u>
Samtals:	9.548.000 kr.

Stefnandi hafi gert tilraunir til að innheimta reikningana án árangurs, með innheimtuviðvörðun í október 2021 en því bréfi hafi verið svarað með tilhæfalausum túlkunum á samningi aðila og fullyrðingum um að stefndi hefði gefið kröfuna eftir að fullu. Þeim fullyrðingum öllum saman hafi verið mótmælt. Ekki hafi borist frekari viðbrögð af hálfu stefnda eftir það. Sé krafan skýr og byggist á samningi sem enginn ágreiningur geti verið um. Stefndi hafi neitað að greiða reikningana, sem honum beri þó að greiða á grundvelli meginreglna samningaréttar og kröfuréttar, og sé þess krafist að stefndi verði dæmdur til greiðslu þeirra.

Stefnandi hafnar því alfarið að hafa gefið þessar kröfur eftir með einhverjum hætti. Engu breyti þótt stefnandi hafi beðið með útgáfu reikninga þar til hann taldi sig geta fengið þá greidda. Reikningana hafi stefnandi gefið út þegar ljóst hafi orðið að stefndi hugðist ekki standa við neitt af því sem fram komi í samningnum aðila. Því sé

alfarið hafnað að stefnandi hafi samþykkt að gefa kröfuna eftir, enda engar forsendur til þess. Stefnandi hafi ekki átt að vinna endurgjaldslaust í þágu stefnda. Beri að hafa í huga í þessu sambandi að stefndi hafi sömuleiðis hafnað því að afhenda hluti í stefnda og standa við samning aðila, „Founder Agreement“. Virðist sem stefndi álíti að hvorki stefnandi né fyrirsvarsmáður hans hafi átt rétt á nokkru endurgjaldi fyrir gríðarlega mikla vinnu í þágu stefnda. Sé fráleitt að ætla að stefnandi þessa máls hafi gefið eftir þessar kröfur með einhverjum hætti, eins og fullyrt hafi verið af hálfu stefnda.

Vísað sé til almennra meginreglna samningaréttarins og kröfuréttarins um skuldbindingargildi samninga. Um varnarþing vísast til 1. mgr. 33. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Um málskostnað er vísað til 129. gr., sbr. 130. gr., laga nr. 91/1991.

#### Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að stefnandi hafi ekki efnt þjónustusamning aðila, hvorki er varðar gæði né magn vinnustunda. Útgefnir reikningar af hálfu stefnanda séu því óréttmætir og þeim mótmælt að öllu leyti. Þjónustan hafi ekki verið veitt og því sé mótmælt að svo hafi verið gert.

Stefndi vísar til þess að samkvæmt þjónustusamningnum hafi hlutverk stefnanda verið að veita tæknilega þjónustu, m.a. aðgang að þjónustu tæknimenntaðs starfsfólks síns. Ljóst sé að stefnandi veitti enga þá þjónustu sem kveðið sé á um í öðrum og þriðja kafla nefnds samnings, þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir þar um af hálfu stefnda. Stefnandi hafi ekki lagt til neitt vinnuframlag í þágu verkefna stefnda og ekki nein gögn er sýni fram á meint vinnuframlag hans. Sérfræðiþjónustan, sem verið sé að rukka fyrir, hafi einfaldlega ekki verið innt af hendi. Virðist stefnandi byggja á því að grundvöllur umdeilda reikninga sé einföld undirritun á þjónustusamkomulag málsaðila, óháð því hvort samkomulagið hafi í raun verið efnt af hans hálfu eða ekki.

Stefndi bendir á að samningurinn gerði ráð fyrir því að stefnandi veitti þjónustu í allt að 80 tíma á mánuði óháð nýtingu vinnustundanna. Það sé þó alveg ljóst að forsenda þess að mögulegt sé að senda reikning fyrir þá þjónustu, sé að stefnda hafi raunverulega staðið til boða að nýta sér þá þjónustu og hún sannanlega verið veitt. Stefndi hafi ítrekað leitað eftir aðstoð stefnanda við útfærslu á tæknilegum atriðum og/eða við uppsetningu kerfa og tenginga, en ávallt hafi viðbrögðin bæði verið sein og léleg og stefndi neyðst í hvert sinn að leita annað eftir aðstoð og þjónustu, m.a. til annarra verktaka á þessu sviði gegn tímagjaldi. Ekki sé fullnægjandi að byggja reikninga á undirrituðum samningi um

tiltekna þjónustu á fyrirframákveðnu gjaldi, ef aldrei kemur raunverulega til greina að veita þá þjónustu, eins og við eigi í þessu tilviki. Þannig verði þjónustuveitandi fyrst að veita umrædda þjónustu, eða a.m.k gera kaupanda það raunverulega kleift að nýta sér hana, áður en reikningur sé sendur samkvæmt samningnum.

Stefndi byggir á því að stefnandi hafi ekki lagt fram fullnægjandi sönnur á það að hann hafi lagt fram nokkra vinnu í þágu stefnda. Þvert á móti leggi stefndi fram sönnun á því að hafa ítrekað neyðst til að leita eftir þjónustu utanaðkomandi verktaka þegar stefnandi hafði ekki brugðist við þjónustubeiðni hans. Rétt sé að benda á að fyrstu 160 tímar af vinnu stefnanda hafi auk þess verið gjaldfrjálsir samkvæmt samkomulagi málsaðila, en eðlilegt hefði verið að stefnandi hefði vakið athygli á því að slíkir tímar væru fullnýttir með framlagningu tímaskýrslna.

Stefndi bendir á að stefnandi hafi sagt upp öllu starfsfólki sínu í maí 2021. Fyrirsvarsaður stefnanda hafi þó beðið með að tilkynna fyrirsvarsmönnum stefnda um þá uppsögn þar til í ágúst sama ár, þegar eingöngu hafi örfáir dagar verið eftir þar til starfsfólkið myndi láta af störfum. Ein helsta ástæða þess að gengið var til samninga við stefnanda hafi verið aðgangur að breiðri þekkingu starfsfólks stefnanda. Með uppsögn starfsfólksins hafi orðið verulegur forsendubrestur er varðar gildi samningsins, og ljóst að stefnandi kæmi ekki til með að efna skuldbindingar sínar samningnum samkvæmt.

Fyrirsvarsaður stefnanda hafi síðan ákveðið að segja sig endanlega frá verkefninu í október 2021. Slit á samstarfi málsaðila fól í sér forsendubrest og mátti stefndi ætla að samstarfi þeirra væri þá lokið, þ.e. bæði er varðar aðkomu fyrirsvarsmanns stefnanda og stefnanda sjálfs. Á fundi 17. ágúst 2021 hafi fyrirsvarsaður stefnanda þar að auki gefið það skýrt til kynna að hann myndi ekki senda inn reikninga samkvæmt samningnum, eins og skriflega komi fram í framlagðri fundargerð. Frá þessum tímapunkti hafi stefndi talið að samningur aðila væri endanlega fallinn úr gildi og því ekki tilefni til þess að segja honum upp sérstaklega, enda hafi samningurinn í raun aldrei verið efndur og stefnandi fallist á það með skýrum hætti. Ljóst sé að þetta hafi verið sameiginlegur skilningur allra aðila, enda engir reikningar verið sendir fyrr. Reikningar hafi því eingöngu farið að berast eftir að ágreiningur á milli málsaðila hófst. Slíkt sé ótækt og krafist sé sýknu á þeim forsendum.

Stefndi byggir kröfur sínar á almennum meginreglum samningaréttarins og kröfuréttarins um skuldbindingargildi samninga. Krafa um málskostnað er byggð á XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Forsendur og niðurstaða:

Í máli stefnda kom fram að þjónustusamningurinn hefði ekki átt að virkjast fyrr en eftir að stefndi væri orðinn fjárhagslega sjálfstæður.

Í 5. kafla þjónustusamningsins, sem undirritaður var 23. október 2020, segir að hann taki gildi við undirritun. Ekki er að sjá í samningnum fyrirvara um gildistöku eða að vísað sé til annars samnings, „Founders Agreement & Manifesto“, um að túlka beri þá samninga saman með einhverjum hætti. Þá eru þeir samningar ekki á milli sömu aðila. Ber því að líta á þjónustusamninginn sem sjálfstæðan samning, sem tók gildi við undirritun hans.

Í þjónustusamningnum segir að hann miðist við 80 vinnustundir í hverjum almanaksmánuði, og að greiða beri fast verð fyrir þær vinnustundir, þar til félagið [stefndi] er orðið fjárhagslega sjálfstætt, en þá verði innheimt í samræmi við útseldan vinnutaxta stefnanda. Fyrstu 160 klst. unnar af stefnanda skyldi ekki reikningsfæra, og ónýttar vinnustundir ekki færast á milli mánaða. Til þess að fullnýta nefndar vinnustundir hafði stefndi heimild til þess að bjóða og selja út þjónustu stefnanda, og að innheimta fyrir það sjálfur. Virðist aldrei hafa komið til þess að stefndi hafi nýtt sér þær heimildir þar sem hann hafi ekki viljað stýggja væntanlega viðskiptavinum með því að innheimta af þeim gjald fyrir veitta þjónustu.

Af framangreindu verður ætlað að þjónustusamningurinn hafi að því marki sem til úrslausnar er miðað við fast mánaðargjald en ekki tímagjald, og að greiddar yrðu 80 vinnustundir í hverjum almanaksmánuði, óháð því hvort þær vinnustundir væru að fullu nýttar eða ekki. Samningurinn verður ekki túlkaður með þeim hætti að stefnandi hafi þurft að bíða með reikningsfærslu þar til stefndi væri orðinn fjárhagslega sjálfstæður. Stefnanda var samkvæmt samningnum ekki heimilt að reikningsfæra fyrstu 160 klst. eða jafngildi tveggja almanaksmánaða, og var því heimilt að reikningsfæra 80 vinnustundir frá og með 1. janúar 2021. Virðist sami skilningur hafa verið lagður í það tímamark af hálfu stefnda í fundargerð frá 17. ágúst 2021. Þá þykir ljóst af því sem fram kom í skýrslum aðila fyrir dómi að tilgangslaust hefði verið fyrir stefnanda að gefa reikningana strax út, þar sem stefndi gat þá ekki greitt, enda ekki fjárhagslega sjálfstæður á þeim tíma.

Í greinargerð stefnda er á því byggt að stefnandi hafi ekki efnt samninginn hvað varðar veitta þjónustu, hvorki um gæði eða magn vinnustunda, og í raun hafi hann enga þjónustu veitt, þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir þar um. Stefnandi hafi því ekkert vinnuframlag lagt fram til þágu verkefna stefnda, og útgefnir reikningar því óréttmætir.

Fyrirsvarsmáður stefnanda bar í sinni skýrslu fyrir dómi að hann hefði unnið um 25-30 klst. í mánuði við þjónustusamninginn, en í allt um 50-80 klst. á mánuði fyrir stefnda, og þá væri meðtalin vinna við „Founders Agreement & Manifesto“. Vinnan við þjónustusamninginn hefði verið í því fólgin að læra á það kerfi sem stefndi var að setja upp, helstu aðgerðir og prófanir, auk þess að setja inn gögn og aðstoða stefnda á ýmsan hátt tæknilega séð. Einkum hafi þó vinnan verið í því fólgin að vera alltaf til taks.

Málsástæður byggðar á því að stefnandi hafi ekki veitt þjónustu í samræmi við samninginn hvað magn vinnustunda varðar geta að mati dómsins ekki komið til frekari skoðunar með vísan til þess sem að framan greinir. Hvað gæði þjónustunnar varðar, eða hvað var í raun framkvæmt af þeirri tækniþjónustu sem samningurinn gerir ráð fyrir, þá liggur ekkert fyrir í málinu um það, svo sem matsgerð, annað en framburður aðilanna sjálfra. Ekkert í þjónustusamningnum kveður á um að söluvefurinn hafi átt að vera tilbúinn á tilteknum degi eða tímabili, en óumdeilt þykir að hann hafi komist í gagnið á svipuðum tíma og samstarfinu lauk. Þá verður með engum hætti ráðið af framlögðum gögnum, sem eru fá og varða lágar fjárhæðir, að stefndi hafi þurft að leita annað um alla þá þjónustu sem greinir í þjónustusamningnum.

Um þá málsástæðu stefnda að stefnandi hafi ekkert vinnuframlag lagt fram, þá er upplýst í málinu að með leigusamningi 1. desember 2020 hafi stefnandi tekið á leigu aðstöðu fyrir allt að fimm einstaklinga í sama rými og starfsemi stefnda fór fram í. Áttu málsaðilar því í beinum samskiptum á hverjum degi. Engin gögn liggja fyrir í málinu um það að stefndi hafi á einhverjum tíma á því ári sem samstarfið stóð, gert athugasemdir við þjónustu stefnanda, fyrr en þegar samstarfinu var að ljúka haustið 2021.

Í skýrslu Arnars Björnssonar, fyrirsvarsmanns stefnda, kom fram að hann hefði haldið fundargerðir vegna funda málsaðila, og hefðu þær líklega verið á annan tug talsins, að ætla má um samstarf aðila, en aðeins tvær þeirra verið lagðar fram í málinu. Aðspurður taldi hann að í þeim fundargerðum sem ekki hefðu verið lagðar fram, hefði ekki komið fram bein gagnrýni á störf stefnanda, en fært hefði verið til bókar að hlutirnir gengju hægt fyrir sig. Í skýrslu Stefáns Björnssonar, fyrirsvarsmanns stefnda, kom fram að stefndi hefði haft mikla þörf fyrir tæknikunnáttu stefnanda og treyst honum, enda tæknimaðurinn þeirra, og ekki hafi komið til greina að rifta samningnum.

Af framangreindu verður ekki ráðið að stefnandi hafi ekkert vinnuframlag lagt fram í þágu verkefna stefnda, og hvílir sönnunarbyrði þess að öðru leyti á stefnda. Þá sönnunarbyrði hefur stefndi ekki uppfyllt í máli þessu að mati dómsins.

Einkum er á því byggt af hálfu stefnda að stefnandi hafi lýst því yfir að hann myndi ekki krefjast greiðslna samkvæmt þjónustusamningnum, frá 1. janúar 2021 að telja, eða frá þeim tíma sem heimilt var að reikningsfæra 80 vinnustundir, en mögulega gefa út einn reikning, sem kæmi þá til frádráttar útistandandi leigu, sbr. fundargerð frá 17. ágúst 2021. Stefnandi hefði ekki mótmælt efni fundargerðarinnar, þótt hann hafi fengið hana senda í tölvupósti sama dag, þar sem skorað var á hann að gera athugasemdir.

Í skýrslu fyrirvarsmanns stefnanda fyrir dómi var því hafnað að til hafi staðið að fella niður fjárkröfur á hendur stefnda fyrir þá vinnu sem unnin hefði verið mánuðina á undan, og hafi því ítrekað verið mótmælt í tölvupósti til stefnda. Hann hefði ekki sagt sig frá þjónustuverkefninu, stefndi hefði einfaldlega lokað á allan aðgang hans að tölvukerfum í október 2021, þar á meðal tölvupósti. Í skýrslu fyrirvarsmanna stefnda kom fram að lokað hafi verið á allan tölvuaðgang fyrirvarsmanns stefnanda í október 2021, þ. á. m tölvupóst. Stefnandi hefði ekki mótmælt efni fundargerðarinnar eftir að tölvupósturinn var sendur út í ágúst 2021, en hafi þó mögulega mótmælt honum í október 2021, þ.e. eftir að ágreiningur milli aðila var upp kominn.

Sú fundargerð sem stefndi vísar til er óundirrituð af hálfu málsaðila, en þar kemur fram að markmið fundarins hafi meðal annars verið að fara yfir þjónustusamninginn, enda hefðu aðilar ekki haft sama skilning á honum. Má af því sem fram kom í skýrslum aðila fyrir dómi ætla að Arnar Björnsson, annar fyrirvarsmanna stefnda, hafi einhliða ritað fundargerðina upp eftir að fundi lauk, og síðan sent hana í tölvupósti á Stefán Björnsson og fyrirvarsmann stefnanda. Í tölvupóstinum er skorað á þá að setja inn athugasemdir og bæta einhverju við, „að öðrum kosti sendið samþykki fyrir fundargerðinni.“

Líkt og getið hefur verið er upplýst að stefndi hafi lokað fyrir allan aðgang stefnanda, meðal annars tölvupóst, og þá báru fyrirvarsmenn stefnda að þeir hefðu sjálfir ekki aðgang að honum lengur, nema að sækja um það sérstaklega. Af framangreindu verður ætlað að stefnandi hafi í síðasta lagi mótmælt fundargerðinni í október 2021, og mögulega fyrr, en hvað sem því líður er ósannað af hálfu stefnda að stefnandi hafi samþykkt að fella niður allar kröfur sínar á hendur stefnda, enda ósannað að stefnandi hafi samþykkt það í tölvupósti eða á annan hátt. Í þessu sambandi verður að ætla að lítið mál hefði verið fyrir stefnda að leggja fundargerðina á borð fyrirvarsmanns stefnanda til undirritunar og samþykkis.

Með vísan til framangreinds verður ekki fallist á þær málsástæður stefnda að stefnandi hafi ekki efnt þjónustusamning aðila frá 23. október 2020, og ósannað er að stefnandi hafi fallið frá fjárkröfum samkvæmt honum, frá 1. janúar 2021 að telja. Ósannað er að framlagðir ársreikningar stefnanda sanni að krafan hafi aldrei verið til.

Óumdeilt þykir að samningnum var ekki sagt upp á fyrstu sex mánuðum gildistíma hans, og framlengdist hann því sjálfkrafa að sex mánuðum liðnum frá undirritun, skv. 5. kafla samningsins. Þá verður ekki séð af gögnum málsins að samningnum hafi verið formlega sagt upp síðar, með þeim hætti sem ákvæði hans kveða á um. Ekki er fallist á þá málsástæðu stefnda að samningurinn hafi endanlega fallið úr gildi þegar framangreind fundargerð var rituð af hálfu annars fyrirvarsmanns stefnda 17. ágúst 2021, og því hafi ekki verið tilefni til þess að segja honum upp sérstaklega, sbr. það sem fyrr gat um um þá fundargerð. Virðist stefndi um þetta atriði bæði byggja á því að samningurinn hafi ekki virkjast en einnig fallið niður á öðrum tíma.

Ósannað þykir af gögnum málsins að stefnandi hafi í október 2021 sagt sig frá verkefninu, þótt honum hafi þá verið fyrirmanað að koma frekar að því vegna aðgerða stefnda. Með vísan til þess verður að fallast á það með stefnanda að líta verði svo á að samningurinn sé enn í gildi, en ekki er byggt á því af hálfu stefnda að samningurinn sé ógildur. Ósannað er af hálfu stefnda með hvaða hætti brostnar forsendur af hálfu stefnanda kunna að eiga við um samning aðila, og órökstudd er sú málsástæða sem fram kom við munnlegan málflutning að samningurinn sé bersýnilega ósanngjarn. Þá er ekki hægt að fallast á að lög um þjónustukaup nr. 42/2000 taki til samnings aðila, enda eiga þau lög við um þjónustu sem veitt er neytendum, og með neytanda samkvæmt lögunum er átt við einstakling sem kaupanda þjónustunnar og þjónustan er ekki veitt í atvinnuskyni eða í tengslum við starf hans, sbr. 1. og 2. gr. nefndra laga.

Stefnandi féllst á að ógreidd húsaleiga kæmi til frádráttar kröfu hans. Krafan er ekki sundurliðuð í greinargerð, og telur dómurinn að hún nemi samtals 836.530 krónum, vegna leigu frá febrúar 2021 til og með október 2021. Lækkar höfuðstóll kröfu stefnanda sem því nemur, en kröfum um dráttarvexti var ekki sérstaklega mótmælt.

Með hliðsjón af niðurstöðu málsins og 1. og 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 verður stefnda gert að greiða stefnanda málskostnað eins og í dómsorði greinir, sem er að mati dómsins.

Bogi Hjálmtýsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

### **Dómsorð:**

Stefndi, Stafræn markaðstorg ehf., greiði stefnanda, Exigo ehf., 8.711.470 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 28/2001, af 5.395.123 krónum frá 1. október 2021 til og með 2. nóvember 2021, af 5.983.470 krónum frá 3. nóvember 2021 til og með 10. desember 2021, af 6.665.470 krónum frá 11. desember 2021 til og með 10. janúar 2022, af 7.347.470 krónum frá 11. janúar 2022 til og með 10. febrúar 2022, af 8.029.470 krónum frá 11. febrúar 2022 til og með 6. mars 2022 og af 8.711.470 krónum frá 7. mars 2022 og til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 750.000 krónur í málskostnað.

Bogi Hjálmtýsson